



## Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík

Tollhúsinu við Tryggvagötu 19 (4. hæð)

Netfang: [grindavikurnefnd@grn.is](mailto:grindavikurnefnd@grn.is)

Sími: 545 0250

### Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við atvinnulíf í Grindavík og Grindavíkurbæ

Kynnt fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál 18. október og bæjarráði Grindavíkurbæjar 22. október

#### Tilefni

Í samræmi við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 40/2024 hefur framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík, hér eftir nefnd Grindavíkurnefndin, að leiðarljósi stefnu stjórnvalda að styðja við Grindvíkinga ásamt markmiðum þeirra laga eins og þau eru skilgreind í 1. gr. Tvö af megin markmiðum laganna eru að „*stuðla að öfluggu atvinnulífi í Grindavíkurbæ*“ og að „*Grindavíkurbær verði öruggt samfélag með trausta innviði og þjónustu sem miðar að þörfum samfélagsins.*“

Á vegum atvinnuteymis Grindavíkurbæjar og Grindavíkurnefndar hefur verið unnið að útfærslu á hugmyndum um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi ýmissa stuðningsaðgerða sem þegar eru í gildi eða hafa nýlega runnið út, ásamt nýjum aðgerðum.

Í því augnamiði að hlúa að farsæld íbúa Grindavíkurbæjar til framtíðar og stuðla að öfluggu atvinnulífi í bænum, eins og kveðið er á um í lögum, hefur nefndin að leiðarljósi að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og glæða bæinn meira lífi, undir þeim takmörkunum og skorðum sem náttúruöflin setja.

Áfram er þörf á viðtækum stuðningi við atvinnulíf í Grindavík. Nefndin telur brýnt að koma til móts við þá atvinnurekendur sem hafa ekki haft möguleika á að stunda atvinnustarfsemi vegna lokana, tjóna sem ekki eru bætt af Náttúruhamfaratryggingu Íslands eða annarra aðstæðna sem leiða af ákvörðunum stjórnvalda um lokun eða takmörkun á viðveru í bænum.

Þær áskoranir sem atvinnurekstur í Grindavík glímir við vegna jarðhræringanna eru m.a.:

- Lækkun tekna að hluta eða í heild;
- Verulega aukinn kostnaður, einkum starfsmannakostnaður;
- Mikil óvissa í daglegum rekstri;
- Takmarkaður aðgangur að bænum;
- Óvissa vegna skemmdra eða ónýtra eigna fyrirtækja;
- Erfiðleikar við endurnýjun trygginga fastafjármuna;
- Lítil stuðningur fjármálastofnana, t.d. við veðsetningar og skuldbreytingar lána;

Skapar þetta erfiðleika, einkum fyrir rekstur lítilla fyrirtækja, sem mæta þarf í samræmi við markmið um að stuðla að öfluggu atvinnulífi í Grindavík. Nefndin telur að opnun bæjarins og eftirfarandi stuðningsaðgerðir geri fyrirtækjum kleift að stunda atvinnurekstur í bænum í ríkari mæli. Aukið aðgengi tryggir þó ekki að öll fyrirtæki eða allir rekstraraðilar geti eða sjái sér fært að opna sína starfsemi en ætti að auðvelda þeim sem það geta að gera það.

Útsvarstekjur Grindavíkurbæjar fara lækkandi vegna fækkunar lögheimilisskráninga í Grindavík. Jafnframt hafa tekjur af fasteignagjöldum fallið vegna undanþágu Þórkötlu ehf. frá greiðslu allra fasteignagjalda og lóðarleigu. Þau verkefni sem m.a. er nauðsynlegt að sinna með tilliti til traustra innviða og þjónustu er rekstur og viðhald veitukerfa bæjarins. Til að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu bæjarins eru lagðar til ákveðnar aðgerðir sem kalla á lagabreytingar er snúa að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, lögheimilisskráningu og kaupum á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

## Samantekt tillagna

Tillögur Grindavíkurnefndarinnar eru eftirfarandi, en nánari umfjöllun er um einstaka þætti í minnisblaðinu:

- i. *launastuðningi verði fram haldið með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í þessu minnisblaði og gildi til loka árs 2025;*
- ii. *lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning verði framlengd til loka árs 2025. Nefndin telur einnig koma til álita að áframhaldandi launastuðningur verði felldur undir lög um rekstrarstuðning en það er útfærsluatriði;*
- iii. *frestur til að óska eftir kaupum á íbúðarhúsnæði skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/2024 verði framlengdur til loka árs 2025;*
- iv. *lögum um fasteignafélagið Þórkötlu verði breytt í því skyni að heimila félaginu uppkaup á íbúðarhúsnæði sem núverandi löggjöf nær ekki til. Þá verði ákvæðum 7. gr. laganna um undanþágur frá sköttum og gjöldum breytt á þann veg að undanþágan nái ekki til greiðslu fráveitu- og vatnsgjalds;*
- v. *komið verði á laggirnar sjóði undir sérstakri stjórn, eða Eignarhaldsfélag Suðurnesja sem er í meirihlutaeign ríkisins nýtt reynist það fær kostur, til að annast uppkaup á húsnæði lítilla atvinnufyrirtækja. Settar verði reglur um hvaða viðmið verði lögð til grundvallar, sbr. umfjöllun í þessu minnisblaði;*
- vi. *komið verði á stuðningslánaúrræði í samræmi við það sem unnið er að í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en hugað verði vel að útfærslu og skilmálum, sbr. m.a. ábendingar í þessu minnisblaði;*
- vii. *fjármála- og efnahagsráðuneytið, í samvinnu við Grindavíkurnefndina, hafi forgöngu um viðræður við fjármála- og váttryggingafyrirtæki um leiðir til að koma til móts við atvinnufyrirtæki í Grindavík og tryggja sanngjarnar leiðir til endur- og nýffjármögnunar lána og endur- og nýtryggingar fastafjármuna vegna þeirra fordæmalausú aðstæðna sem jarðhræringarnar hafa haft í för með sér;*
- viii. *fjármála- og efnahagsráðuneytið beiti sér fyrir því, í samvinnu við Grindavíkurnefndina og Náttúruhamfaratryggingu Íslands, að uppgjóri bótamála verði hraðað; ix. gerðar verði breytingar á ákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, þannig að sérstökum aðstæðum Grindavíkurbæjar vegna tekjufalls og brottflutnings íbúa verði mætt umfram það sem núverandi lög og reglur heimila;*
- x. *tímabært er að endurskoða undanþáguákvæði laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur með hliðsjón af umfjöllun í þessu minnisblaði.*

Grindavíkurnefndin telur brýnt að ráðist verði hið fyrsta í þær aðgerðir sem tilgreindar eru í liðum i. – iii. sem lúta að framlengingu tímafresta eða gildistíma úrræða. Enn fremur bendir nefndin á mikilvægi liðar iv. sem snýr annars vegar að útvíkkun heimilda Þórkötlu og hins vegar getu Grindavíkurbæjar að viðhalda innviðum bæjarins. Hvað hagsmuni atvinnulífs varðar er mikilvægt að auka skýrleika um tryggingamál og aðgengi að lánsfé og þarf að leita eftir svörum þar um sbr. liði vii og viii.

## Launastuðningur

Lög nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ féllu úr gildi í lok ágúst. Upphaflega áttu löggin að gilda til 29. febrúar 2024 en þau hafa tvívegis verið framlengd.

Á fundum með forsvarsmönnum fyrirtækja í Grindavík hafa komið fram eindregnar óskir um að framlengja úrræðið. Þó hefur verið bent á leiðir til að gera þetta úrræði hnitmiðaðra og jafnvel ódýrara en verið hefur.

Í þessu minnisblaði eru settar fram hugmyndir um mögulegar breytingar sem gætu gagnast fyrirtækjum með starfsemi í Grindavík en fælu í sér umtalsvert lægri útgjöld frá fyrri útfærslu. Tekið skal fram að hugmyndirnar fela ekki í sér endanlega útfærslu og gengið er út frá því að stuðningsaðgerðir yrðu tímabundnar.

Útgjaldalækkun ríkissjóðs miðað við úrræði skv. lögum nr. 87/2003 skýrist einkum af því að ekki yrði lengur um að ræða stuðning vegna launagreiðslna til starfsmanna sem ekki eru starfandi, nema um sé að ræða tímabundið rof á starfsemi til skamms tíma, einkum á meðan truflun verður á starfsemi. Slík þrenging úrræðisins er eðlileg þegar horft er til þess að launastuðningur í núverandi mynd er í eðli sínu skammtímaúrræði til að bregðast við tímabundnum erfiðum ytri aðstæðum í rekstri fyrirtækja. Takmörk hljóta hins vegar að vera á lengd slíks stuðningsúrræðis ef markmiðið er að viðhalda ráðningarsambandi við starfsmenn, án þess að til komi vinnuframlag á móti.

### *Helstu ábendingar og hugmyndir um breyttan launastuðning:*

**Mögulegt breytt markmið:** Þrengja markmið laganna þannig að úrræðinu verði frekar ætlað að nýtast sem hlutfallslegur styrkur til fyrirtækja sem halda úti starfsemi í Grindavík, einkum til að mæta auknum starfsmannakostnaði. Markmið væri áfram að viðhalda ráðningarsambandi við krefjandi aðstæður, að því skilyrði uppfylltu að starfsemi fari fram í starfsstöð fyrirtækis í Grindavík eftir því sem aðstæður leyfa. Launastuðningur yrði þannig hvati fyrir fyrirtæki og sjálfstætt starfandi til að halda úti starfsemi í Grindavík við erfiðar aðstæður. Í honum fælist jafnframt viðurkenning á því að við núverandi aðstæður eru fyrirtæki í Grindavík að verða fyrir meiri kostnaði en raunin var fyrir náttúruhamfarirnar, svo sem vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu, vegna aðfanga, aukinna öryggisráðstafana og þannig mætti áfram telja.

Huga getur þurft að nánari afmörkun á því hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að starfsemi teljist fara fram í Grindavík. Ekki er t.d. sjálfsgagt að launastuðningur nái til sjómanna og tilefni er til að ræða stuðning við starfsemi sem fer fram utan þéttbýlis í Grindavík. Hér er þó gengið út frá því að sömu áskoranir eigi í meginatriðum við um fyrirtæki á Svartsengi og fiskeldisfyrirtæki í Grindavík og vestan Grindavíkur. Þau fyrirtæki hafa fram til þessa getað sótt um launastuðning þegar við á.

**Greiðslufyrirkomulag:** Styrkurinn yrði greiddur beint til fyrirtækja á grundvelli skýrslna um launagreiðslur og yrði ákveðið hlutfall af launakostnaði sem gæti t.d. miðast við 2530%

launagreiðslna, upp að tilteknu hámarki. Það er á ábyrgð hvers launagreiðanda að skila réttum upplýsingum en Skatturinn og Vinnuálagstofnun myndu hafa eftirlit. Einnig mætti skoða þann möguleika að aukinn launakostnaður m.v. fyrir rýmingu verði frádráttarbær frá skatti umfram það sem nú er.

### **Skilgreining launakostnaðar**

Sama skilgreining og í lögum nr. 87/2023:

Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsfólks.

Áfram mætti miða við tiltekin hámarkslaun sem viðmið.

### **Stuðningur við sjálfstætt starfandi**

Byggt yrði á sömu sjónarmiðum og í 6. gr. laga nr. 87/2023, en með sama markmiði og að framan, þ.e. að viðkomandi haldi úti starfsemi í Grindavík og að starfsemi sé í gangi:

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sé með opinn rekstur auk þess að hafa staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattfyrvalda í a.m.k. þrjá mánuði á undanfarandi fjórum mánuðum fyrir gildistöku laga þessara eða á annan reglulegan hátt samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

## **Rekstrarstuðningur**

Lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ hafa tekið breytingum frá því þau voru fyrst sett og framlengd og gilda nú til loka árs 2024. Fram hefur komið í samtölum við fulltrúa atvinnulífsins að mikilvægt sé að löggin verði áfram í gildi, a.m.k. fram á mitt ár 2025 og tímasetningarákvæðum laganna verði breytt í samræmi við það. Um leið er ljóst að kynna þarf þetta úrræði betur fyrir grindvískum fyrirtækjum og hefur atvinnuteymið unnið að því að undanfögnu.

Rétt er að geta þess að fram hafa komið þau sjónarmið að ýmis kostnaðarauki fyrirtækja kunni að vera stærra vandamál en tekjufall. Má þar nefna aukinn kostnað vegna aksturs starfsmanna til og frá Grindavík, fæðiskostnaður, launagreiðslur í ferðatíma til og frá vinnu, auknar kröfur vegna öryggismála o.s.frv. Hugsanlega þyrfti að taka tillit til þessa við framlengingu á þessu stuðningsúrræði.

Skoða mætti þann möguleika að launastuðningur, sbr. hér að framan, verði færður í búning rekstrarstuðnings og lögum nr. 15/2024 breytt með tilliti til þess.

## **Kaup á húsnæði**

Með lögum nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík var stigið mikilvægt skref til að verja fjárhag og velferð íbúa Grindavíkur í kjölfar fordæmalausra aðstæðna. Hefur fasteignafélagið Þórkatla ehf. nú fest kaup á ríflega 900 eignum af tæplega 1200 í Grindavík. Nú þegar komin er talsverð reynsla á löggin og framkvæmd þeirra blasir við að þau tilfelli sem falla utan gildissviðs laganna eru tiltölulega fá en geta varðað þá aðila miklu sem eru eigendur þess íbúðarhúsnæðis. Í lögnum er heimild til að víkja frá skilyrði um lögheimili ef tímabundnar ástæðar liggja að baki og hefur Þórkatla ehf. leitast við að leysa slík tilfelli með farsælum hætti. Tilfni er þó til að rýna framkvæmdina með tilliti til þess að endurskoða löggin með rýmri heimildir til kaupa á íbúðarhúsnæði að markmiði. Má sérstaklega nefna þau tilvik þar sem sami aðili er eigandi að fleiri eignum en einni en aðrar eignir nýttar af sömu fjölskyldu.

Í umræðum um stuðningsaðgerðir við atvinnulíf í Grindavík hefur allt frá því rýming átti sér stað verið rætt um möguleika á uppkaupum á eignum fyrirtækja, líkt og gert hefur verið með íbúðarhúsnæði. Hingað til hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir slíku úrræði gagnvart atvinnulífinu. Hér er þó nauðsynlegt að hafa í huga að atvinnufyrirtækin eru í mjög mismunandi aðstöðu þegar að þessu atriði kemur.

- Fyrir hluta lögaðila eru uppkaup húsnæðis í þeirra eigu eina úrræðið sem getur komið þeim að gagni. Hér er einkum um að ræða smærri fyrirtæki sem hafa ekki getað og geta ekki starfað í Grindavík eða á öðrum stað. Þetta á m.a. við um lögaðila sem stofnaðir voru í þeim tilgangi að byggja íbúðarhúsnæði til endursölu og einnig lögaðila sem hafa það sem aðalstarfsemi að leigja út húsnæði, fyrirtæki í ferðaþjónustu (s.s. gististaði og veitingahús), staðbundna þjónustustarfsemi (s.s. söluskála o.fl.).
- Þá eru sum fyrirtæki staðsett á sprungusvæðum með ónýtar lóðir og tjónuð hús að hluta sem NTÍ bætir ekki. Ákvörðun stjórnvalda um að loka eða takmarka aðgengi að bænum hefur gert það að verkum að sum þessara fyrirtækja hafa ekki getað haft neina starfsemi frá rýmingu. Taka þarf á þessum tilvikum.

Að mati nefndarinnar gæti brunabótamat fasteigna líttilla fyrirtækja skv. ofangreindu numið u.þ.b. 6-7 milljörðum króna. Að teknu tilliti til umfangs uppkaupa á húsnæði sem nú þegar hafa verið gerð er hér því ekki um verulega viðbót að ræða þótt vissulega sé um háar upphæðir að ræða. Hins vegar gætu slík uppkaup skipt sköpum fyrir litla rekstraraðila, í mörgum tilvikum lítil fjölskyldufyrirtæki, sem hafa ekki burði til að „bíða betri tíma“. Í þannig eignum eru hins vegar verðmæti fólgin til framtíðarnýtingar líkt og á við um íbúðarhúsnæði sem ríkissjóður hefur eignast. Um leið myndu slík uppkaup gera litlum rekstraraðilum kleift að hefja starfsemi annars staðar í stað þess að þau færu í þrot. Ástæða er þó til að undirstrika að ekki er sjálfgefið að miða við jafn hátt hlutfall af brunabótamati og í tilfelli íbúðarhúsnæðis og ekki er tilefni til að kaupa eignir/eignahluta fjármálafyrirtækja.

Grindavíkurnefndin telur að heppilegast væri að stofna sérstakan sjóð til að annast uppkaup atvinnuhúsnæðis og leggur til þá leið. Einnig gæti komið til álitu að nýta Eignahaldsfélag Suðurnesja (ES), sem er fjárfestingafélag sem stofnað var í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum, í þessu skyni, reynist það raunhæfur kostur. Þá er enn fremur hugsanlegt er að fela Þórkötlu ehf. það hlutverk en nefndin telur þó heppilegra að skilja á milli íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis og mælir því frekar með sérstakri sjóðsleið í þessu skyni. Þetta er þó útfærsluatriði.

Í aðgerðaráætlun í húsnæðismálum sem Grindavíkurnefndin vinnur nú að er fjallað stuttlega um frest til að óska eftir uppkaupum á íbúðarhúsnæði, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/2024 en fresturinn rennur út 31. desember 2024. Hér er áréttað að Grindavíkurnefndin hefur fengið allmörg erindi þar sem óskað er eftir því að þessi frestur laganna verði framlengdur. Engin sérstök rök mæla gegn slíkri framlengingu að mati nefndarinnar enda enn þá óvissuástand og tímabili jarðhræringa hvergi lokið. Auk þess er líklegt að þeir sem enn eiga íbúðarhúsnæði í bænum og búa þar komi síður inn á húsnæðismarkaðinn sem er erfiður fyrir. Verður því lagt til að þessi frestur verði framlengdur.

## Uppgjör bótamála

Í vinnu nefndarinnar og samtölum við íbúa og fyrirtækjaeigendur í Grindavík hefur komið fram töluverð óánægja með hraða í uppgjóri bótamála. Einnig hefur komið fram gagnrýni á mat á altjóni og að bætur einskorðist við altjón á húsum en taki ekki tillit til lóða sem geta vegna ótryggs ástands gert starfsemi ófæra þannig að um raunverulegt altjón sé að ræða fyrir viðkomandi starfsemi. Mikilvægt er að skoða leiðir til að hraða uppgjóri bótamála ef fasteignir fyrirtækja eða lóðir hafa skemmst í jarðhræringum og nýtast ekki til atvinnustarfsemi. Ljóst er að nauðsynlegt er að ræða skyldur og heimildir NTÍ til uppgjors þar sem einn og sami atburður nær yfir langt tímabil og eignir geta haldið áfram að verða fyrir tjóni

þótt tjónsuppgjör hafi átt sér stað. Leggur nefndin því til að lagaraminn í þessu sambandi verði sérstaklega skoðaður m.t.t. þeirra aðstæðna sem langvarandi og síendurtekna hamfarir skapa.

### Fjármálafyrirtæki og tryggingafélög

Í vinnu nefndarinnar hefur komið fram af hálfu fulltrúa atvinnufyrirtækja í Grindavík að þau mæti ítrekað erfiðleikum í samskiptum við fjármálafyrirtæki og tryggingafélög. Er hér einkum um það að ræða að fjármálafyrirtæki virðast hafa tekið ákvörðun um að lána ekki til starfsemi í Grindavík og það hefur t.d. í för með sér að skuldbreytingar eru varla raunhæfar. Með sambærilegum hætti virðast váttryggingafélög treg til að tryggja fastafjármuni í Grindavík. Það hefur áhrif á endurnýjun trygginga og nýtryggingar.

Grindavíkurnefndin telur einboðið að stjórnvöld efni til samtals við fjármálafyrirtæki og tryggingafélög um stöðu lána- og tryggingamála í Grindavík og leggur til að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi forgöngu þar um í samvinnu við Grindavíkurnefndina.

### Stuðningslán

Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu er unnið að frumvarpi til laga um stuðningslán en þau eru hugsuð sem úrræði fyrir minni fyrirtæki í Grindavík. Markmið úrræðisins er að aðstoða rekstrarhæf fyrirtæki í Grindavík við að viðhalda starfsemi á óvissutímum.

Miðað er við að úrræði nái til einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í Grindavíkurbæ, hófu starfsemina fyrir 10. nóvember 2023 og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Lagt er upp með að ríkissjóður ábyrgist 90% af fjárhæð stuðningslána frá lánastofnunum til rekstraraðila. Lánsfjárhæð geti verið allt að 20% af tekjum fyrirtækja á árinu 2022, þó að hámarki 50 m.kr.

Upplýsingar sem ráðuneytið aflaði frá Skattinum benda til þess að um 89 fyrirtæki geti fallið undir úrræðið. Þar af eiga allavega 35 fyrirtæki að uppfylla skilyrði um 40% tekjufall.

Að því er varðar stuðningslán þá styður Grindavíkurnefndin það úrræði en vill benda á eftirfarandi:

- Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirtækjaflóru grindvískra fyrirtækja frá því í nóvember 2023. Nokkur fjöldi fyrirtækja hefur hætt eða flutt alfarið með starfsemi sína annað. Full ástæða er til þess að fara í gegnum skilgreiningu á því hvað telst vera grindvískt fyrirtæki þegar kemur að áframhaldandi stuðningsaðgerðum.
- Fyrirtæki sem eru með rekstur í Grindavík búa við margvíslegt óhagræði. Ekki aðeins hafa tekjur fallið í lengri eða skemmri tíma heldur hefur tilkostnaður við að afla teknanna hækkað og jafnvel umtalsvert. Þessi rekstrarskilyrði leiða af sér taprekstur. Getur sá taprekstur verið svo mikill að rekstur fyrirtækis telst ekki sjálfbær. Eigi þessi fyrirtæki að halda áfram starfsemi í Grindavík þurfa þau aðstoð til að bregðast við lækkun tekna og/eða hækkun kostnaðar. Þannig geti þau orðið sjálfbær á meðan farið er í gegnum erfið rekstrarskilyrði sem leiða af núverandi náttúruhamförum.
- Fyrirtæki sem eru í viðvarandi taprekstri gætu tekið stuðningslán til að fjármagna taprekstur. Með því væri þó ekki verið að aðstoða þau heldur frekar að auka á vanda þeirra. Ef rekstur er ekki sjálfbær verða lán ekki greidd.

- Fjölmörg fyrirtæki búa við að eignir þeirra eru í Grindavík en kringumstæður hamla að hægt sé að nota þær til að afla tekna. Það er oft þannig að svo til allt eigið fé viðkomandi rekstrar er bundið í þessum eignum. Það er því ekki mögulegt að fjárfesta annars staðar til að færa starfsemi þessara fyrirtækja frá Grindavík. Stuðningslán geta gagnast þessum fyrirtækjum ef þau geta treyst því að eignir þeirra í Grindavík verði seljanlegar á líftíma stuðningslánsins og þannig hægt að standa undir greiðslu þess. Annars er verið að bæta á vanda þessara fyrirtækja.
- Fyrirtæki gætu mögulega notað stuðningslán til að fjárfesta í arðbærum tækifærum. Slík lán gætu gagnast fyrirtækjum í uppbyggingu og nýsköpun. Við núverandi kringumstæður er þó ósennilegt að farið verði í slíka fjárfestingu og að það fái til þess önnur fjármögnun en stuðningslán með ríkisábyrgð.

### Stuðningur við bæjarsjóð Grindavíkur

Jarðhræringarnar við Grindavík hafa eins og vænta mátti haft veruleg neikvæð áhrif á afkomu bæjarsjóðs Grindavíkur. Þess ber þó að geta að fjárhagsstaða sveitarfélagsins fyrir atburðina var sérlega góð og hefur bæjarsjóður t.d. engar vaxtaberandi skuldir. Meðaltekjur í sveitarfélaginu voru einnig tiltölulega háar og bæjarstjórn gætti þess að fjárfesta einungis í samræmi við afkomu bæjarsjóðs í því augnamiði að safna ekki skuldum.

Þær breytingar sem orðið hafa á högum bæjarsjóðs á því tæplega ári sem liðið er frá rýmingunni 10. nóvember 2023 lúta bæði að tekjum og útgjöldum. Enda þótt lögum um lögheimili hafi verið breytt á þann veg að íbúar Grindavíkur geti haft lögheimili áfram í bæjarfélaginu þótt aðsetur sé skráð annars staðar, hafa nú um 60% bæjarbúa flutt lögheimili sitt í aðsetursveitarfélag, enda sækja íbúarnir þjónustu þeirra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fækkun lögheimilisskráninga í Grindavík á næstu mánuðum og ári. Útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa fallið verulega í samræmi við þessa fækkun íbúa og mun sú þróun væntanlega halda áfram.

Tekjur af fasteignagjöldum hafa sömuleiðis fallið hratt og eru nú nær engar. Megin orsök þess er að við setningu laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík nr. 16/2024 var fasteignafélagi í eigu ríkisins (Þórkötlum ehf.) veitt undanþága frá greiðslu allra fasteignagjalda og lóðarleigu. Vegna jafnræðisreglu er öðrum eigendum fasteigna í bænum ekki gert að greiða fasteignagjöld. Nauðsynlegt er að vekja athygli á að fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti og ýmsum öðrum fasteignatengdum gjöldum, s.s. vatnsgjaldi og fráveitugjaldi. Eftir sem áður ber bæjarsjóður ábyrgð á að viðhalda og reka veitukerfi bæjarins, þ.m.t. vatnsveitu og fráveitu, og eru miklir hagsmunir í húfi fyrir fasteignaeigendur að þau kerfi séu virk og starfrækt. Vanhöld í því sambandi myndu fljótt leiða til skemmda og eyðileggingar fasteigna og útiloka atvinnustarfsemi og búsetu í Grindavík. Það er því bæði órökrétt og ósanngjarnt að bænum sé gert að standa undir þessum kostnaði án þess að fasteignaeigendur taki þátt í honum. Verður því lagt til að undanþágan frá greiðslu fasteignagjalda nái ekki til vatnsgjalds og fráveitugjalds og lögum nr. 16/2024 verði breytt í þá veru. Hið sama myndi eiga við ef kemur til kaupa ríkisins á atvinnuhúsnæði.

Þriðji mikilvægi þátturinn í tekjum sveitarfélagsins eru framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Skv. gildandi reglum sjóðsins mun Grindavíkurbær þurfa að endurgreiða sjóðnum 18 m.kr. á árinu 2025 en á árinu 2024 nema framlög sjóðsins um 1.200 m.kr. eða um þriðjung af tekjum bæjarins. Miðað við óbreyttar forsendur verða framlög Jöfnunarsjóðsins reiknuð út frá tekjum bæjarsjóðs árið 2023 en íbúatölu árið 2024. Af því leiðir að reiknaðar meðaltekjur á íbúa munu verða afar háar sem gerir það að verkum að bærinn endar í neikvæðri stöðu gagnvart sjóðnum. Augljóst er að þetta fyrirkomulag gengur ekki upp við þær fordæmalausur aðstæður sem Grindavíkurbær býr við og nauðsynlegt er að



laga regluverk sjóðsins að þessum veruleika, annað hvort með almennri breytingu á reglunum eða með sérstakri undanþágu í þessu tilviki.

Horfur í rekstri sveitarfélagsins fyrir árið 2025 eru eins og vænta má ekki bjartar miðað við áframhaldandi íbúafækkun. Ráðgjafi Grindavíkur og innviðaráðuneytis hefur kynnt fyrir nefndinni og hópi ráðuneytissjóra áætlun næsta árs og eru þar teiknaðar upp þrjár sviðsmyndir, byggðar á mismunandi fjölda íbúa í bænum, þ.e. að íbúafjöldinn verði 700 í upphafi árs en 486 í lok árs (lág spá), 1.100 í upphafi árs en 763 í lok árs (miðspá) og loks 1.500 í upphafi árs en 1.041 í lok árs (há spá). Samkvæmt því verða útsvarstekjur frá 498 m.kr. (lág spá) og upp í 1.067 m.kr. (há spá). Upphafleg fjárhagsáætlun Grindavíkur fyrir árið 2024 gerði ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð um 5.000 m.kr. en endurskoðuð áætlun nú í haust bendir til að útgjöldin verði um 3.900 m.kr. Árið 2025 gerir áætlun ráð fyrir að útgjöld nemi tæpum 2.600 m.kr. Það er því fyrirsjáanlegt að halli á rekstri bæjarins verður á bilinu 1.500 til 2.000 m.kr. og verður þá verulega gengið á handbært fé og það jafnvel uppurið fyrir árslok. Við þær aðstæður verður ekkert fjármagn eftir til að mæta lögbundnum rekstrarútgjöldum eða til að standa undir um 1.000 m.kr. lífeyrisskuldbindingum.

Með breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 sem samþykkt var á Alþingi 5. des. 2023 var bætt inn ákvæðum til bráðabirgða til að tryggja að íbúar Grindavíkur sem yfirgefa þurftu heimili sín í nóvember 2023 gætu haldið lögheimili sínu í bæjarfélaginu þrátt fyrir aðsetur annars staðar. Í frumvarpi innviðaráðherra því sem varð að lögum nr. 94/2023 var ekki gert ráð fyrir þessari heimild til aðsetursskráningar en velferðarnefnd sem hafði málið til meðferðar lagði til umrædda breytingu í því augnamiði að mæta óviðráðanlegum ytri tilvikum (*force majeure*) og til að auðvelda framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings til Grindvíkinga. Gildir umrædd heimild þar til eitt ár er liðið frá tilkynningu lögreglustjóra um að hinar óviðráðanlegu aðstæður séu ekki lengur fyrir hendi. Má ljóst vera að meðan atburðarrás en enn í gangi mun lögreglustjóri ekki gefa út slíka tilkynningu. Þessi tímabundna undanþága frá lögheimilisskráningu getur því varað um alllangt skeið. Nú þegar reynt hefur á þetta ákvæði í nálega eitt ár hefur komið í ljós að þótt reglunni sé ætlað að koma til móts við sérstakar aðstæður Grindvíkinga, og margir þeirra vilji í verki sýna stuðning við bæjarfélagið með þessu hætti, þá veldur það erfiðleikum þegar kemur að því að nýta þjónustu aðseturssveitarfélagsins, s.s. skólaþjónustu, þjónustu við eldra fólk, o.s.frv. Það kann því að vera tilefni til að endurskoða umrætt bráðabirgðaákvæði í ljósi reynslunnar.

Óhjákvæmilegt er að koma til móts við fjárhag Grindavíkurbæjar ef bæjarfélagið á ekki að fara í greiðsluþrot á árinu 2025. Samningur bæjarins og innviðaráðherra, sem gerður var í febrúar sl., gerði ráð fyrir sérstöku framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og var þar rætt um 600 m.kr. Nú hefur ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðsins lagt til að umrædd greiðsla komi á árinu 2025 og innviðaráðherra fallist á þá tilhögun. Forsendur bæjarins voru hins vegar að framlagið upp á 600 m.kr. kæmi á árinu 2024. Augljóst má telja að bæjarsjóður þurfi á viðbótarframlagi að halda af hálfu hins opinbera, m.a. með breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

### **Kostnaðargreining**

Ýmsar tillögur um aðgerðir sem raktar eru í þessu minnisblaði hafa verið til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, en vinna þyrfti nákvæmari kostnaðargreiningu hjá ráðuneytinu og innviðaráðuneyti, í samstarfi við Grindavíkurnefndina. Þá hefur Atvinnuteymi Grindavíkur, í tengslum við vinnu og tillögugerð Grindavíkurnefndar, gert drög að kostnaðar- og ábatagreiningu á tillögum nefndarinnar sem fylgir minnisblaði þessu og sem hafa má til hliðsjónar við nánari greiningu.